

120. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
6. 1. 2021 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Prúðmarsdóttir, Karl Friðriksson, Sigurður Sigursveinsson, Bjarni Guðmundsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Í upphafi fundar óskaði Karl Friðriksson eftir því að taka til máls. Greindi hann frá því að nú þegar starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verður lögð niður í upphafi árs þá muni NMÍ slíta aðild að Nýheimum þekkingarsetri. Hefur formanni stjórnar verið sent erindi þessa efnis. Karl þakkaði fyrir samstarfið og óskaði setrinu og stjórn velfarnaðar. Stjórn og forstöðumaður þakka Karli samstarfið og óska honum alls hins besta.

Verkefni Ríki Vatnajökuls 2020-2021. Erindi frá Ríki Vatnajökuls

Hólmfríður sagði frá helstu viðfangsefnum og verkefnum Ríki Vatnajökuls síðustu misserin, miklar breytingar hafa orðið á starfsemi félagsins vegna heimsfaraldursins. Fór hún yfir breytingarnar og verkefnin framundan sem eru í meginatriðum stefnumótunarvinna og markaðsmál.

Stafrænar smiðjur og Fab Academy. Erindi frá Vöruhúsinu

Vilhjálmur sagði frá starfsemi Vöruhússins og helstu verkefnum sem unnið er að í Fab Lab smiðjunni. Þá sagði hann frá náminu Fab Academy sem er nám í stafrænni framleiðslutækni kennt frá MIT háskólanum í Boston. Námið fer fram á netinu en vinna nemenda fer fram í smiðjunum.

Þjónusta við háskólanema

Hugrún Harpa sagði frá því að setrinu barst viðbótarframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna þjónustu setursins við háskólanema, um er að ræða einskisframlag.

Í haust aflaði skrifstofa háskóla og vísinda upplýsinga um umfang þeirrar þjónustu og kom þar m.a. fram að próftökur hjá fræðsluaðilum og þekkingarsetrum voru yfir 7 þúsund á árinu 2019. Uppgefið umfang próftöku hjá Nýheimum á árinu 2019 voru 104 próf. Stjórn fagnar þeirri viðurkenningum sem í framlaginu felst á mikilvægi þeirrar þjónustu sem stofnanir landsbyggðarinnar eru að veita í tengslum við fjarnám háskólanna.

Starfsmannamál NP

Hugrún Harpa sagði frá væntanlegum breytingum í starfsmannahópi setursins. Forstöðumanni falið að vinna að málinu í samræmi við umræður fundarins.

Verkefni um ævimenntun

Hugrún Harpa gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefur átt sér stað varðandi verkefni um ævimenntun frá síðasta fundi stjórnar. Verkefnið hefur verið kynnt í fræðslu- og tómstundanefnd og bæjarráði

Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem lýstu stuðningi við verkefnið. Þá hefur forstöðumaður sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindi vegna verkefnisins og óskað eftir fundi. Jafnframt var erindi og lýsing á verkefninu sent á Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi og óskað eftir fundi með fulltrúum þess um verkefnið.

Önnur mál

Kristín spurðist fyrir um tilnefningu nýs fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn setursins. Hugrún greindi frá því að unnið er að málinu innan Háskóla Íslands sem hyggst tilnefna nýjan fulltrúa á næstu dögum.

Fundi slitið klukkan 9:40

Stemman Höddur Harðarsonar
Hugrún Harpa Reynisdóttir